Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útveggir:	Múrsléttað	Múrsléttað		
Þakgerð:	Mænisþak	Mænisþak		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft	Einlyft		

Saga

Gluggalaus frystigeymsla, reist 1997 í kjölfar uppbyggingar frystihúss. Er enn í notkun sem frystigeymsla.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Einfalt iðnaðarmannvirki án stíleinkenna.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur lítið menningarsögulegt gildi.
Umhverfisgildi:	Miðlungs	Stendur við enda hafnarsvæðis við helstu götu kaupsinsins.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Byggingin er í meginatriðum upprunaleg.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Hefur verið vel við haldið og nýlega endurnýjað.

Varðveislugildi: Lágt Hefur ekkert sérst varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Rarik
Hönnuður: Sigvaldi Thordarson

Upphafleg notkun: Rafstöð
Núverandi notkun: Geymsla



Afst.mynd fyrir bogaskemmu, ASK arkitektar 2012



Mynd Magnús M. Þorvaldsson, 2019

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útveggir: Múrsléttað		Múrsléttað		
Þakgerð: Flatt þak		Flatt þak		
Þakklæðning: Pappi		Pappi		
Undirstaða: Steinsteipt		Steinsteipt		
Útlit: Tvílyft		Tvílyft	Þakkanti bætt á húsið. Óljóst hvenær.	

Saga

Rafstöð frá 1961 eftir Sigvalda Thordarson arkitekt. Stíleinkenni hússins eru dæmigerð fyrir verk Sigvalda. Ber þar sérstaklega að nefna litavalið. Húsið var reist til að hýsa dísilrafstöð bæjarins en eftir að aðgengi að rafmagni batnaði var rafstöðin lögð af. Í dag er húsið notað sem geymsla. Ástand hússins að utan er ábótavant og er þakkanturinn ekki upprunalegur. Byggingin er hverfisvernduð í deiliskipulagi.

Varðveislumat:


Listrænt gildi / Byggingarlist:	Hátt	Dæmigerð höfundareinkenni Sigvalda Thordarsonar.
Menningarsögulegt gildi:	Hátt	Hluti af atvinnusögu kaptúnsins. Aðeins annað af tveimur húsum í kaptúninu sem eru teiknuð af Sigvalda en hann fæddist í Vopnafirði.
Umhverfisgildi:	Hátt	Stendur við eina af aðalgötum kaptúnsins á ábertandi stað.
Upprunalegt gildi:	Lágt	Búið er að bæta við þakkanti.
Tæknilegt ástand:	Lágt	Húsið er í lélegu ástandi og viðhaldi hefur ekki verið sinnt.

Varðveislugildi:

Verndarflokkar:	Hátt	Einstakt rafstöðvarhús teiknað af Sigvalda Thordarson. Varðveitir bæði byggingarsögu sem tengist sveitarfélaginu og sögu atvinnulífs. Húsið er hverfisvendað í deiliskipulagi
-----------------	------	---

Fyrsti eigandi:
Hönnuður:

Upphafleg notkun: Geymsla
Núverandi notkun: Sorpgeymsla



Hluti af afstöðumynd, ASK arkitektar 2012



Austurgafi. Mynd Magnús M. Þorvaldsson 2019

Gerð húss: Upphafleg: Núverandi:

Byggingarefni:	Stálgrind	Stálgrind
Útveggir:	Bárujárn	Bárujárn
Þakgerð:	Bogaþak	Bogaþak
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft Reykháfur

Helstu breytingar: Hönnuðir breytinga:

2012 Sett stærri iðnaðarhurð á austurgafi. ASK arkitektar, Arkitekt

Saga

Bogaskemma, stálgrind á steypum grunni, reist árið 1961. Einlyft húsnæði með millilofti yfir hluta af sal. Húsnæðið er notað í dag undir sorpflokkun og geymslu.

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Dæmigerð braggabygging.
Menningarsögulegt gildi:	Miðlungs	Hefur lítið menningarsögulegt gildi en er hluti af sögu hafnarsvæðisins.
Umhverfisgildi:	Hátt	Húsið er staðsett alveg út við götu og hefur áhrif á götumynd. Bogalínur þess áberandi í umhverfinu.
Upprunalegt gildi:	Miðlungs	Skemman hefur alltaf þjónað atvinnusvæðinu sem það stendur á. Útlit að mestu óbreytt frá upphafi.
Tæknilegt ástand:	Miðlungs	Húsinu er viðhaldið eftir þörfum.

Varðveislugildi: Lágt Hefur ekkert sérstakt varðveislugildi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi: Vopnafjarðarhöfn
 Hönnuður: Helgi Hjálmarsson, Vilhjálmur Hjálmarsson

Upphafleg notkun: Vogarhús
 Núverandi notkun: Vogarhús



Mynd Yrki 2017

Gerð húss:	Upphafleg:	Núverandi:	Helstu breytingar:	Hönnuðir breytinga:
Byggingarefni:				
Útveggir:	Timbur	Timbur		
Þakgerð:	Geiraris	Geiraris		
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn		
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt		
Útlit:	Einlyft Útitróppur	Einlyft Útitróppur		

Saga

Vogarhús við hafnarvogina. Hannað af Helga Hjálmarssyni og Vilhjálmí Hjálmarssyni hjá Teiknistofunni Óðinstorgi. Teikningar dagsettar maí 1992. Timburhús á steypum grunni.


Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist:	Lágt	Látlaus skúrbygging með mjög skilgreint hlutverk.
Menningarsögulegt gildi:	Lágt	Hefur lítið menningarsögulegt gildi. Er hluti af skyldumannvirkjum vegna hafnarstarfsemi.
Umhverfisgildi:	Lágt	Hefur lítið umhverfislegt gildi.
Upprunalegt gildi:	Hátt	Byggingin er í meginatriðum upprunaleg.
Tæknilegt ástand:	Hátt	Byggingunni er vel við haldið og er í ágætu ástandi.
Varðveislugildi:	Lágt	Einföld skúrbygging með skilgreint hlutverk og er hluti af skyldumannvirkjum tengt hafnarstarfsemi.

Verndarflokkar:

Fyrsti eigandi:
Hönnuður: Ekki vitað

Upphafleg notkun: Iðnaður
Núverandi notkun: Iðnaður



Afstöðumynd f. mjöltanka, ASK arkitektar 2012



Mynd Magnús M. Þorvaldsson, 2019

Gerð húss: **Upphafleg:** **Núverandi:**

Byggingarefni:	Stálbitar	Stálbitar
Útveggir:	Stálplötur	Stálplötur
Þakgerð:	Einhalla (skúrþak)	Einhalla (skúrþak)
Þakklæðning:	Bárujárn	Bárujárn
Undirstaða:	Steinsteypt	Steinsteypt
Útlit:	Einlyft	Einlyft

Helstu breytingar:

Hönnuðir breytinga:

Saga

Löndunarhús á hafnarbakkanum, reist 2010. Stálgrindarhús á steyptri undurstöðu, klætt með samlokueiningum (yleiningum).

Varðveislumat:

Listrænt gildi / Byggingarlist: Lág Einfalt iðnaðarmannvirki án stíleinkenna.

Menningarsögulegt gildi: Miðlungs Byggingin tengist sögu atvinnuþróunar kaupsinsins.

Umhverfisgildi: Lág Hefur ekkert umhverfislegt gildi.

Upprunalegt gildi: Hátt Er í upprunalegu ástandi

Tæknilegt ástand: Hátt Nýleg bygging í góðu ásigkomulagi.

Varðveislugildi: Lág Nýlegt iðnaðarmannvirki án stíleinkenna, í fullri notkun og hefur ekkert sérstakt varðveislugildi.

Verndarflokkar:



4 Skráning fornleifa

Þessi fornleifaskráning er úrdráttur úr húsakönnun og fornleifaskráningu sem unnin var fyrir tillögu að verndarsvæði í byggð fyrir miðsvæði Vopnafjarðar.

Hún var unnin af Yrki arkitektum í samstarfi við Margréti Hallmundsdóttur og Rínu Þráinsdóttur fornleifafræðinga hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Rannsóknarsvæðið fyrir þá vinnu náði inn á deiliskipulagssvæði miðhluta hafnarsvæðisins og hér er eingöngu fjallað um niðurstöður rannsóknarinnar innan afmörkunar deiliskipulags miðhluta hafnarsvæðisins.

Fornleifar eru í tveimur flokkum:

- Horfin hús
- Horfnar minjar

Auk þess ber að nefna að sýnilegar minjar utan skipulagssvæðisins í grennd við Hafnarbyggð 8. Í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012, 22. grein, er fimmtán metra friðhelgað svæði utan um þessar sýnilegu minjar en friðhelgunarsvæðið nær inn fyrir skipulagsmörk.

Staðsetning fornminja verður sýnd á deiliskipulagsuppfærslu. Fornminjar eru auðkenndar með tölustöfum fornleifaskráningarinnar.

Fornleifaskráning fyrir norðurhluta skipulagssvæðisins liggur ekki fyrir og því þarf eftir atvikum fornleifafræðingur að skrá fyrirhuguð framkvæmdasvæði eða minjavörður að taka út minni framkvæmdasvæði.

Hið óskráða svæði afmarkast um það bil til suðurs af rafstöðinni við Hafnarbyggð 16, til vesturs af Hafnarbyggð, til norðurs af Sjóbúð á milli Hafnarbyggðar og Miðbryggju og til austurs af landfyllingum frá liðinni öld.





4.1 Horfin hús á svæðinu



--- Skipulagsmörk deiliskipulags hafnarsvæðis á Vopnafirði

Mynd 4.1 Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu horfinna húsa á svæðinu.





Úrdráttur úr fornleifaskráningu í mars 2018: Horfin hús

Verkefnanúmer	Sérheiti	Hlutverk
1905-32	Kornhús	Geymsla
1905-33	Ullarhúsið	Geymsla
1905-34	Bílageymsla KVV	Geymsla
1905-35	Gamla fjósið	Fjós
1905-36	Íbúð factors Örum & Wulff	Íbúð og geymsla
1905-38	Konuloft, Glæpaloft, Stórglæpaloft	Íveruhús, beitningahús
1905-39	Stórglæpaloftið	Dansstaður
1905-40	Mörbúð	Mörbræðsla
1905-41	Fiskiskúrarnir	Verbúðir, aðstöðuhús
1905-44	-	Hesthús
1905-60	Smelterí	Lifrabræðsla
1905-61	Hóll	Íbúðarhús, síldarró, efnarannsóknarstofa fyrir síldvinnsluna
1905-64	-	Fjós



Kornhús

Númer	1905–32
Hlutverk	Geymsla
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93 691202.0,590342.0
Heimild	Líkan, ljósmyndir, ritaðar heimildir
Horfið:	Flutt á Árbæjarsafn

Kornhús var byggt 1820, var einnig nefnt Beykiskúð, en nöfnin vísa til notkunar á ýmsum tímum. Í Kornhúsinu var ekki aðeins geymt korn, heldur einnig ýmiss konar tunnunarvergur, svo sem olía og tjara. Þar var jafnframt verslun.

Kristján Jónsson Fjallaskáld bjó síðasta æviárið í litlu kvistherbergi í Kornhúsinu. Hann hafði framfæri sitt af að kenna börnum verslunarstjórans. Mælt er að Kristján hafi andast í herbergi sínu nóttina eftir veislu í tilefni afmælis Kristjáns IX Danakonungs árið 1869. Hann er grafinn í Hofskirkjugarði. Meðal eigenda húsanna var verslunarfyrtækið Ørum & Wulff sem höndlaði lengi á Vopnafirði.

Kornhúsið og Ullarhúsið eru af algengri gerð verslunarhúsa frá 19. öld. Slík hús voru víða um land, en eru nú flest horfin. Vopnafjarðarhúsin eru reisuleg hús og traust. Þau eru vel víðuð, einkum minna húsið, sem er Ullarhúsið. Húsin eru úr furu og grind beggja húsanna er klædd að utan með tjörguðum borðum, láréttum á öðru húsinu en lóðréttum á hinu. Bæði húsin eru ein hæð og hátt ris með tveimur loftum, efra lofti og neðra, bæði manngeng.¹²

Í kornhúsinu var kornvaran borin í sekkjum og

1 Vopnafjörður: Forn verslunarstaður–nýlegt kaupstún, 1999.

2 Kristinn Benediktsson, 2006.



Borgarsögusafnið (e.d.). *Kornhúsið (hægri) og Ullarhúsið á Árbæjarsafni.*

hvolft í stóran trékassa. Í botni kassans lá renna niður á neðri hæðina, með dragloku á endanum. Á neðri hæðinni var varningur geymdur í tunnum, svo sem fernisolía, tjara og steinolía. Árið 1909 var sláturhús reist við austurenda Kornhússins og farið að slátra sauðfé inni. Seinna var farið að geyma kjötskrokka á neðri hæð Kornhússins og voru stórir krókar á bitum hafðir til þess að hengja skrokkana á.³

Húsið var flutt árið 1975 í Árbæjarsafn í Reykjavík ásamt Ullarhúsinu. Ekki þótti unnt að varðveita húsin á upprunalegum stað vegna nýframkvæmda og því keypti Þjóðminjasafnið húsin. Á safninu er Kornhúsið nefnt stærra Vopnafjarðarhúsið. Þessi

tvö verslunarhús eru elstu húsin á Árbæjarsafni og einnig lengst að komin. Húsunum er stillt upp á safninu eins og afstaða þeirra var á upprunalegum stað. Húsunum var komið fyrir neðst í Árbæjartúninu með það í huga að þannig væri afstaða þeirra til annarra húsa á safninu sú sama og til þorpsins á Vopnafirði áður, enn fremur að þau yrðu „við sjóinn.“

Þjóðminjasafnið nýtti Vopnafjarðarhúsin um skeið sem geymslur. Árið 1992 voru þau afhent Árbæjarsafni til varðveislu og sýninga. Kornhúsið var opnað almenningi árið 1994.^{4,5,6}

3 Gunnar Sigmarsson og Sigurjón Friðriksson, 1995.

4 Borgarsögusafn e.d. Kornhús.

5 Borgarsögusafn e.d. Kjóthús: Ullarhúsið.

6 Gunnar Sigmarsson og Sigurjón Friðriksson, 1995.



Jón R. Helgason. (2019) Líkan eftir Jón Pétur Eiríksson af Plássinu um aldamótin 1900. Kornhúsið með danska fánanaum. Ullarhúsið stendur hægra megin.

Ullarhúsið

Númer	1905-33
Hlutverk	Geymsla
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93691214.0,590401.0
Horfið	Flutt á Árbæjarsafn
Heimild	Líkan, ljósmynd, ritaðar heimildir

1 Borgarsögusafn, e.d. Kjöthús: Ullarhúsið.

2 Vopnafjörður: Forn verslunarstaður – nýlegt kauptún, 1999.

Ullarhúsið var reist árið 1821, stóð norður af korngeymslunni og sneri eins. Húsið var flutt árið 1975 í Árbæjarsafn í Reykjavík ásamt Kornhúsinu, og var opnað almenningi árið 2000. Húsin eru sögð vel viðuð, sérstaklega minna húsið, þ.e. Ullarhúsið, sem er með 12 tommu bitum. Húsið var einnig nefnt Kjöthúsið, líklega eru nöfnin frá mismunandi tímum. Í húsinu voru geymd bæði ull og annars konar varningur. Að vori var ull lögð inn í Ullarhúsið, tekin inn um op á austurgaffli hússins og vegin þar. Vogin hékk í loftinu og var með tveimur pöllum, sá stærri var fyrir ullina en hinn fyrir lóðin. Lóðin voru frá einu pundi upp í hundrað. Þegar búið var að flokka ullina var hún sett í stóra balla, eða vörusekki, og staflað upp meðan hún beið útflutnings. Á haustin var húsið notað til að kæla og salta kjöt. Sláturvöllur var fyrir austan húsið, en saltað í tunnur innandyra. Opnanlegar trélúgur voru á báðum hliðum hússins til að auka á kælingu. Mest af kjötinu var selt til Noregs og var það stórhöggvið, þ.e. hver skrokkur hlutaður í fjóra parta. Kjöt var höggvið smærra til neyslu innanlands.^{1,2}



155 Myndagrúskarar / höf. ókunnur. (e.d.). *Kornhúsið og Ullarhúsið*.

Bílageymsla KVV


Númer	1905-34
Hlutverk	Geymsla
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93 691211.0,590379.0
Heimild	Ljósmynd, munnleg heimild
Horfið	Já

Bílageymslan var lágreistur skúr sem var áfastur Ullarhúsinu og stóð á milli þess og Kornhússins [32]. Bílageymslan var hvít með flötu þaki. Tvær rútur voru í eigu kaupfélagsins geymdar í bílageymslunni. Önnur fór á áætlun innar sveitar, hin til Akureyrar.¹

¹ Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.



Myndagrúskarar / höf. ókunnur. (e.d.)




Myndagrúskarar / höf. ókunnur. (e.d.). Bílageymsla KVV byggð við Ullarhúsið.

Gamla fjósið

Númer	1905–35
Hlutverk	Geymsla
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93691224.0,590398.0
Heimild	Líkan, munnleg heimild
Horfið	Já

Gamla fjósið stóð ofan við Búðarmöl. Það var í eigu kaupfélagsins og rúmaði 10 kýr. Gamla fjósið var áður mörbúð.¹

¹ Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.



Myndagrúskarar / höf. ókunnur. (e.d.)

Íbúð faktors Ørums & Wulffs

Númer	1905–36
Hlutverk	Íbúð og geymsla
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93691195.0,590379.0
Heimild	Líkan, munnleg heimild
Horfið	Já

Geymsla og trúlega íbúð faktors Ørums & Wulffs, þangað til Kaupvangur var reistur og varð að faktorshúsi. Húsið var kallað bjálkahús. Það var hugsanlega norskt og gæti verið frá miðri 18. öld. Það var rífið fyrir 1938.¹


¹ Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.



Jón R. Helgason. (2019) Líkan eftir Jón Pétur Eiríksson af Plássinu um aldamótin 1900.

Konuloft

Númer	1905–38
Hlutverk	Íveruhús, beitningahús
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93691207.0,590450.0
Heimild	Líkan, óprentuð heimild
Önnur sérheiti:	Glæpaloft, Stórglæpaloft
Horfið	Já



Jón R. Helgason. (2019) Líkan eftir Jón Pétur Eiríksson af Plássinu um aldamótin 1900.

Efri hæð hússins var kallað Konuloft, en þar bjuggu fiskverkakonur, líklega færeyskar. Efri hæðin var einnig stundum nefnd Glæpaloft eða Stórglæpaloft, sem er líka nafn á loftinu í húsinu við hliðina. Neðri hæðin var geymsla og beitningahús. Húsið var norskt bjálkahús, vitað er að það var reist fyrir tíma Ørum og Wulff.

Karlarnir bjuggu annars staðar, í húsi sem kallað var Sókrates. Það hús var nefnt í höfuðið á skipi í eigu þeirra Ørum og Wulff. Skipið fórst 1864. Húsið var byggt úr skipsbrakinu.^{1,2}

1 Ágústa Þorkeldsdóttir, munnleg heimild, 2018.

2 Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.

Stórglæpaloftið

Númer	1905–39
Hlutverk	Stórglæpaloftið
Tegund	Dansstaður
Staðsetning	ÍSN93691227.0,590447.0
Heimild	Líkan, munnleg heimild
Horfið	Já



Jón R. Helgason. (2019) Líkan eftir Jón Pétur Eiríksson af Plássinu um aldamótin 1900.

Þetta hús og það næsta við, Konuloft, eru nefnd norsku húsin. Þau eru eldri en dönsku húsin. Heimildir eru um að í þessu litla húsi fyrir framan Konuloft og til hliðar við Mörbúðina hafi verið dansað.^{1,2}

1 Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.

2 Jón Pétur Einarsson og Else Möller, munnleg heimild, 2018.

Mörbúð

Númer	1905-40
Hlutverk	Mörbræðsla
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93691240.0,590475.0
Heimild	Líkan, munnleg heimild
Horfið	Já

Mörbúðin hefur verið talin elsta húsið í húsabyrpingunni.¹

¹ Ágústa Þorkelsdóttir, munnleg heimild, 2018.



Jón R. Helgason. (2019) Líkan eftir Jón Pétur Eiríksson af Plássinu um aldamótin 1900.

Fiskiskúrarnir

Númer	1905-41
Hlutverk	Verbúðir, aðstöðuhús
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93691240.0,590499.0
Heimild	Líkan, óprentuð heimild
Horfið:	Já

Húsin voru verbúðir og aðstöðuhús.¹ Fiskiskúrarnir voru fast upp við Mörbúðina.

¹ Ágústa Þorkelsdóttir, munnleg heimild, 2018.



Jón R. Helgason. (2019) Líkan eftir Jón Pétur Eiríksson af Plássinu um aldamótin 1900.

(hesthús)

Númer	1905-44
Hlutverk	Hesthús
Staðsetning	ÍSN93691200.0,590506.0
Heimild	Líkan, munnleg
Horfið	Já

Þegar aðkomufólk kom í kaupstaðinn spretti það af hestum sínum og geymdi þá í hesthúsinu.¹

1 Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.

Smelterí

Númer	1905-60
Hlutverk	Lifrabræðsla
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93691227.0,590534.0
Heimild	Líkan, munnleg heimild
Horfið	Líklega
HeimildInnan verndarsvæðis	Nei

Í Smelteríinu fór fram lýsisbræðsla og á haustin var í mörg ár bræddur mör í tólg. Húsið stóð neðst á Garðatúni. Það er farið fyrir löngu, nú er þar verksmiðjussvæði HB Granda. Fjaran fyrir neðan hét eftir húsunum. Fyrst kom Hólsfjara, þá Smelterísfjara, Kríusker og Hólsflúð hinum megin við Kríusker.¹

1 Ágústa Þorkelsdóttir, munnleg heimild, 2018.



Myndagrúskarar / höf. ókunnur. (e.d.)

Hóll

Númer	1905-61
Hlutverk	Íbúðarhús, síldarradíó, efnarannsóknarstofa fyrir síldarvinnsluna
Staðsetning	ÍSN93 691212 .0,590494.0
Heimild	Ljósmynd, óprentuð heimild, munnleg heimild
Horfið	Já



Myndagrúskarar / höf. ókunnur. (e.d.)

Húsið Hóll stóð á milli sláturhússins og smelterísins. Í húsinu var margvísleg starfsemi. Í húsinu bjó Sigurður efnafræðingur, sem hélt rannsóknarstofu í efnafræði fyrir síldarvinnsluna. Í húsinu var einnig síldarradíó, sem veitti talstöðvarsamband við síldarbátana. Húsið var byggt fyrir aldamótin 1900 og rífið um 1990. Þess má geta að Pálmi Gunnarsson tónlistarmaður bjó í þessu húsi.¹

¹ Ágústa Þorkelsdóttir, munnleg heimild, 2018.

(fjós)

Númer	1905-64
Hlutverk	Fjós
Staðsetning	ÍSN93 691220.0,590410.0
Heimild	Ljósmynd, munnleg heimild
Horfið	Já



Myndagrúskarar / höf. ókunnur. (e.d.)

Fjósið stóð við austurgafli sláturhússins, rétt sunnan við gaflinn, nær alveg niðri í fjöru. Fjósið var í eigu kaupfélagsstjóra (sem þá var Halldór Ásgrímsson eldri) Fjósið vék fyrir frystihúsinu. Þetta fjós var ekki það sama og gamla fjósið (sjá 1905-35).¹

¹ Ágústa Þorkelsdóttir, munnleg heimild, 2018.

4.2 Horfna minjar á svæðinu



----- Skipulagsmörk deiliskipulags hafnarsvæðis á Vopnafirði

Mynd 4.2 Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu horfna minja á svæðinu.



Úrdráttur úr fornleifaskráningu í mars 2018: Hornar minjar

Verkefnanúmer	Sérheiti	Hlutverk
1905-37	Búðarmöl	Uppsátur
1905-42	Stóri brunnur	Brunnur
1905-43	Blóðvöllur	Slátrun
1905-57	-	Brunnur
1905-59	Garðatún	Garður
1905-62	-	Grafreitur franskra sjómanna
1905-63	-	Grafreitur




Búðarmöl

Númer	1905-37
Hlutverk	Uppsátur
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93691235.0,590401.0
Heimild	Líkan, óprentuð heimild
Horfið	Já

Uppsátur Ørums & Wulffs. Búðarmölin var fyrir neðan Mörbúðina. Þar var siglt á smábátum inn og þeir teknir upp.¹

1 Ágústa Þorkeldsdóttir, munnleg heimild, 2018.



Jón R. Helgason. (2019) Líkan eftir Jón Pétur Eiríksson af Plássinu um aldamótin 1900.

Stóri brunnur

Númer	1905-42
Hlutverk	Brunnur
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93691187.0,590455.0
Heimild	Líkan, munnleg heimild, óprentuð heimild

Brunnurinn er heill undir stétt sem lögð var yfir hann. Brunnurinn var notaður í slátruninni, en nýttist einnig öllum þorpsbúum. Við hvert hús var yfirleitt brunnur, en fólk sótti í Stóra brunn ef heimabrunnur þornaði. Halldór K. Halldórsson minnst þess að hafa þurft að rogast með heil okjör af vatni úr brunninum í fjós föður síns, Halldórs Ásgrímssonar eldri. Kýrnar þurftu svo mikið vatn að hann man þetta ennþá, sjötíu árum seinna. Kýrnar munu hafa verið fjórar til fimm.^{1,2}

1 Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.

2 Ágústa Þorkeldsdóttir, munnleg heimild, 2018.

Blóðvöllur

Númer	1905–43
Hlutverk:	Slátrun
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93691230.0,590488.0
Heimild	Líkan, munnleg heimild, óprentuð heimild
Horfið	Já

1 Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.
2 Ágústa Þorkelsdóttir, munnleg heimild, 2018.

Fyrst var slátrað inni í Kornhúsinu og síðar í Fisk- og salthúsinu. Slátrun var svo flutt út á blóðvöll. Þar var slátrað, flegið og bútað niður kjöt. Fólk var meðal annars á hnjánum við að flá. Við völlinn rann lækur. Slátrun á blóðvelli var hætt um aldamót 1900.^{1,2}

(brunnur)

Númer	1905–57
Hlutverk:	Brunnur
Tegund	Heimild
Staðsetning	ÍSN93691228.0,590356.0
Heimild	Ljósmynd, munnleg heimild
Horfið	Já

1 Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.



Myndagrúskarar / höf. ókunnur. (e.d.)

Á gamalli ljósmynd er fólk í fjöruborðinu að þvo fisk. Fólkið hefur komið sér fyrir hjá brunni með handdælu. Fiskurinn var þveginn úr sjó sem dælt var brunninum. Þarna stendur núna frystihúsið.¹

Garðatún

Númer 1905–59
Hlutverk: Garður
Tegund Heimild
Staðsetning ÍSN93 691232.0,590575.0
Heimild Ljósmynd, munnleg heimild
Horfið Já

Girðing á gamalli ljósmynd virðist enda við Smelteríið. Hún stendur að líkindum á gömlum garði. Túnið sem girt er af heitir Garðatún. Í því voru margir garðar og var einn sérstaklega langur. Garðlög voru einnig í kringum Stóra brunn.¹

¹ Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.



206 Myndagrúskarar / höf. ókunnur. (e.d.)

(grafreitir franskra sjómanna)

Númer 1905–62
Hlutverk: Grafreitir franskra sjómanna
Tegund Heimild
Staðsetning ÍSN93 691215.0,590561.0
Heimild Munnleg heimild

Samkvæmt munnlegri heimild var grafreitir franskra sjómanna norðan og vestan við Smelteríið.¹

¹ Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.


(grafreitir)

Númer 1905–63
Hlutverk: Grafreitir
Tegund Heimild
Staðsetning ÍSN93 691212.0,590496.0
Heimild Ljósmynd

Sagnir eru um að grafreitir hafi verið á bak við Smelteríið eða suður af því, líklega þar sem húsið Hóll stóð. Grafreitirinn var eldri en húsin.¹

¹ Myndagrúskarar Vopnafirði, munnleg heimild, 2018.

Sýnilegar minjar á svæðinu



----- Skipulagsmörk deiliskipulags hafnarsvæðis á Vopnafirði

Mynd 4.3 Yfirlistmynd sem sýnir staðsetningu sýnilegra minja og helgunarsvæði þeirra samkv.22. gr. laga um menningarminjar.



Sýnilegar eru minjar utan skipulagssvæðisins í grennd við Hafnarbyggð 8. Í samræmi við lög um menningarminjar nr. 80/2012, 22. grein, er fimmtán metra friðhelgað svæði utan um þessar sýnilegu minjar en friðhelgunarsvæðið nær inn fyrir skipulagsmörk. Þess vegna er hér fjallað um þær minjar.

Úrdráttur úr fornleifaskráningu í mars 2018: Sýnilegar minjar

Verkefnanúmer Sérheiti
1905-30 -

Hlutverk
Sjóvarnargarður

(sjóvarnargarður)

Númer	1905-30	Aftan við Kaupvang má greina lítið brot af gömlum
Hlutverk	Sjóvarnargarður	sjóvarnargarði. Þetta brot er það eina sem eftir er af
Tegund	Hleðsla	gamla garðinum.
Staðsetning:	ÍSN93691207.0,590326.0	
Heimild	Ekki tilgreint	
Horfið	Nei	





5 Heimildaskrá

Austfirðir. (1897, 30. september). *Austri*, bls. 105.

Starfsemi á Vopnafirði. (2018, 21. október). *HB Grandi, Frétt*. Sótt þann 4. mars 2019 á <https://hbgrandi.is/frettir/frett/2018/10/31/Starfssemi-a-Vopnafirdi/?NavigationYear=2018&NavigationMonth=10>

Trausti Valsson. (2002). *Skipulag byggðar á Íslandi – Frá landnámi til líðandi stundar*. Háskólaútgáfan: Reykjavík.

Vopnafjarðarhreppur. (án ártals). *Saga Vopnafjarðar*. Sótt 1. febrúar 2019 á https://www.vopnafjarðarhreppur.is/ithrottir_og_menning/saga-vopnafjarðar

Vopnfirðingar vilja vinna í fiski. (2004, 3. júní.) *Morgunblaðið, Úr verinu* bls. D2-3.

5.1 Myndaskrá

Mynd 1.1. Loftmynd af svæðinu, rauð lína sýnir afmörkun rannsóknarsvæðisins.	3
Mynd 2.1. Kort frá 1947, samsett. Rauðar útlínur sína afmörkun deiliskipulagsins.	6
Mynd 2.2. Uppdráttur frá 1959 sem sýnir hugmyndir um uppbyggingu mannvirkja til norðurs.	7
Mynd 2.3. Uppdráttur frá 1970. Sjá má strandlínu auk hugmynda um landfyllingar og bryggjur.	8
Mynd 2.4. Uppdráttur frá 1977. Punktafyllt svæði sýnir uppbyggingarmöguleika fyrir hafnarstarfsemi.	9
Mynd 2.5. Skipulagsuppdráttur frá 1979 sem sýnir hugmyndir um veg meðfram hafnarbakkanum.	10
Mynd 2.6 Loftmynd sem sýnir áætlaðar landfyllingar sé miðað við strandlínu á korti frá 1947.	11
Mynd 3.1. Yfirlitsmynd af varðveislugildi mannvirkja á svæðinu.	14
Mynd 3.2. Yfirlitsmynd sem sýnir heiti mannvirkja á svæðinu ásamt varðveislugildi.	15
Mynd 4.1 Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu horfinna húsa á svæðinu.	34
Mynd 4.2 Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu horfna minja á svæðinu.	45
Mynd 4.3 Yfirlitsmynd sem sýnir staðsetningu sýnilegra minja og helgunarsvæði þeirra samkv.22. gr. laga um menningarminjar.	50

